

„HJÓLIN Á STRÆTÓ ...“


Nýverið var akstur strætisvagna á höfuðborgarsvæðinu boðinn út. Hagvagnar tóku þátt í því útboði og buðu í einn hluta aksturs strætó næstu 10 árin.

Skemmt er frá því að segja að niðurstaðan var okkur ákaflega hagstæð og ljóst að Hagvagnar munu áfram aka hluta þess akstur sem strætó býður uppá.

Hagvagnar munu aka leiðir 19, 21, 24, 28, 35 og 36.

Leiðakerfið fyrir 2024-2025 má sjá á myndinni hér fyrir neðan.

Hagvagnar eru ákaflega stoltir af akstri sínum fyrir hönd Strætó bs. og hlakka til nýrra verkefna á þessu sviði næstu 10 árin.



HÓPBÍLAR



Í fréttabréfinu


- Hjólin á strætó 1
- Aksturshegðun í apríl 2
- Tjónayfirlit Hagvagna 3
- Ný leið—87 4
- Endurgjöf til bílstjóra 4

AF AKSTURSHEGÐUN OG SAMANBURÐAR TÖLFRÆÐI Í APRÍL '24

Upplýsingar um aksturshögðun bíla og bílstjóra fáum við úr Traffilog kerfinu. Akstur bílaflokka og akstursleiða er ólíkur, verkefni mismunandi. Úr kerfinu fáum við hins vegar mikilvægan samanburð innan flokka og samanburð við sambærileg fyrirtæki á Norðurlöndum.


ÖRYGGISATVIK – BREMSUN, HRAÐAAUKNINGAR, BEYGJUR

Þessi flokkur veitir upplýsingar um svokölluð öryggisatvik. Hér er átt við krappar beygjur til hægri eða vinstri, skyndilega bremsun og hraðaaukningar.




INNSKRÁNINGAR BÍLSTJÓRA

Nýjar upplýsingar um innskráningar bílstjóra. Hér er ljóst að við þurfum átak í innskráningu. Innskráning bílstjóra er skylda skv. lögum og reglugerðum.




LAUSAGANGUR

Mikilvægt er að menga ekki andrúmsloftið að óþörfu. Ökutæki í lausagangi veldur heilsuspillandi mengun.



ELDSNEYTISNOTKUN

Við hjá Hópbílum fylgjumst grannt með eldsneytisnotkun bifreiða okkar.




TJÓNAYFIRLIT HAGVAGNA EFTIR ÁRSEFJÓRÐUNGUM

Stöðug og ígrunduð rýni varðandi tjón á ökutækjum okkar eykur yfirsýn yfir flotann og ástand hans. Hagvagnar eins og Hópbílar fá með jöfnu millibili yfirlit yfir tjón, tjónaþyngstu flokkana, fjölda tjóna og tjónakostnað.

Yfirlitið hér fyrir neðan sýnir tjón hjá ökutækjum Hagvagna frá **1. janúar 2023 til 1. maí 2024**.

Eins og sjá má á yfirlitinu hér fyrir neðan verða flest tjón á strætisvögnum okkar (gulu bílunum) á fyrsta ársfjórðungi hvers árs.




NÝ LEIÐ-87

AKSTUR TIL OG FRÁ VOGUM Á VATNSLEYSU

Nýverið hófu Hópbílar að aka nýja leið í landsbyggðarakstri suður með sjó.

Leiðin ber númerið 87 og í fyrstu munum við aka frá miðbæ Voga á Vatnsleysuströnd og að Reykjanesbraut. Þar mun leið 87 tengjast öðrum leiðum.

Í júnímánuði mun leið 87 síðan breytast með þeim hætti að þá verður ekið frá Vogum að miðstöð í Reykjanesbæ.



Hópbílar hf.
Melabraut 18
220 Hafnarfirði

Umsjón, skrif og ábyrgð:
Leifur S. Garðarsson
Verkefnastjóri



HÓPBÍLAR



ENDURGJÖF TIL BÍLSTJÓRA

EINSTAKLINGSFUNDIR HEFJAST Í JÚNÍ

Með tilkomu Traffilog kerfisins í bílana okkar aukast möguleikar okkar til muna að veita bílstjórum endurgjöf á frammistöðu sína.

Fyrstu mánuðir kerfisins hafa gengið út á að safna gögnum um aksturshegðun bílstjóra.

Í júní munu einstaklingsfundir verkefnastjóra með bílstjórum hefjast. Á þeim fundum fær hver bílstjóri yfirlit yfir sinn akstur síðastliðna fjóra mánuði. Á yfirlitinu er einnig samanburður við aðra bílstjóra sem aka í sama flokki.

Markmið endurgjafar er að auka gæði í öllum akstri fyrirtækisins ásamt því að gera bílstjóra meðvitaða um eigin frammistöðu og aksturshegðun.